

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/384**  
**komudagur 1.12.2003**



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

**Nefndasvið Alþingis**  
**Umhverfisnefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

28. nóvember 2003

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: U20031100099/kg

**Þingsályktunartillaga um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort,**  
**27. mál**


Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 17. nóvember, þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 27. mál.

Umhverfisstofnun hefur viðtækt hlutverk tengt náttúru landsins og notkun náttúrufarskorta. Stofnunin byggir auk þess stóran hluta af starfi sínu á náttúrufarsupplýsingum sem unnar eru á viðeigandi fagstofnunum. Umhverfisstofnun styður því heilshugar að aukinn kraftur verði settur í skipulega skráningu og kortlagningu á náttúru Íslands. Stofnunin telur mjög mikilvægt að hið fyrsta verði lokið við gerð jarðfræði-, gróðurfars-, búsvæða- og vatnafarskortum af landinu í hæfilegum mælikvarða (t.d. 1:50.000).

Góð grunngögn eru grundvallaratriði í stjórnun náttúruauðlinda, mat á verðmæti og skipulagning nýtingar. Umhverfisstofnun telur álíka mikilvægt að slíkar upplýsingar verði öllum aðgengilegar og nauðsynlegt að ríkisvaldið hlutist til um söfnun þeirra upplýsinga og útgáfu.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilsson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður